

Hafnarfjarðarbær

Reykjavík, 19.júní 2018

Varðar: Skil lóðar Hraunskarði 2

2016 gerðu Hafnarfjarðarbær og ASÍ viljayfirlýsingu um byggingu 150 hagkvæmra leiguíbúða með það markmið að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða leiguheimili að norrænni fyrirmynd.

Félaginu var á grundvelli viljayfirlýsingarinnar veitt vilyrði fyrir lóð undir 32 íbúðir í Skarðshlíð og 2017 gerði Bjarg lóðaleigusamning um lóðina Hraunskarð 2.

Að lokinni frumhönnun kom í ljós að kostnaður var töluvert hærri en leyfður hámarkskostnaður samkvæmt reglugerð um almennar íbúðir. Stofnframlags ÍLS og Hafnarfjarðarbæjar til verkefnisins var háð því skilyrði að kostnaður yrði innan þeirrar reglugerðar.

Hafist var handa við að finna leiðir til að lækka byggingarkostnað. Þær leiðir kölluðu á deiliskipulagsbreytinga og átti félagið marga fundi með skipulagsyfirvöldum vegna þessa.

Þrátt fyrir vilja beggja aðila og langar viðræður var að lokum tillögum Bjargs, um breytingar sem hefðu gert kleyft að byggja áhagkvæmt húsnæði á lóðinni, hafnað af Hafnarfjarðarbæ.

Niðurstaða hönnunarvinnu er að óbreytt skipulag lóðarinnar styður ekki við markmið um hagkvæmni sem kveðið er á í lögum um almennar íbúðir og var skilyrði fyrir veitingu stofnframlags.

Bjarg íbúðafélag lýsir hér með yfir að miðað við óbreytta afstöðu Hafnarfjarðarbæjar skilar félagið hér með inn úthlutun lóðar að Hraunskarði 2, landnúmer 214363.

Samhliða óskar félagið eftir úthlutun lóðar vegna verkefnisins í nýjum áfanga í Skarðshlíð. Þá óskar félagið eftir að koma að undirbúning skipulags til að tryggja markmið verkefnisins um hagkvæmni náist.

Virðingarfyllst,
Björn Traustason
framkvæmdastjóri

